

Heilsueflandi efri ár – gátlistar

Vellíðan með hornsteinum heilsu

- 1.1. Í skipulagi HSAM starfsins er tryggt að fulltrúar eldra fólks eigi reglulega aðkomu að því.
- 1.2. Stuðla er að sjálfbæru samfélagi, heilsu og vellíðan allra með því að styrkja hornsteina heilsu.
- 1.3. Til staðar er áætlun í húsnæðismálum sem miðar að því að allir íbúar eigi kost á öruggri búsetu í fullnægjandi húsnæði.
- 1.4. Sveitarfélagið tryggir einstaklingum sem á þurfa að halda örugga búsetu í fullnægjandi húsnæði sbr. ákvæði laga þar um.
- 1.5. Allir íbúar sem þess þurfa fá aðstoð við athafnir daglegs lífs og annað sem þarf til að viðhalda sjálfstæðri búsetu í samræmi við eigin vilja.
- 1.6. Unnið er eftir markvissri áætlun, þvert á stofnanir, til að vinna bug á fátækt og auðvelda viðkvæmum hópum að ná endum saman.
- 1.7. Sveitarfélagið gerir það sem í sínu valdi stendur til að tryggja aðgengi allra að nægum, næringarríkum mat við hæfi allt árið um kring, ekki síst fátækra og annarra viðkvæmra hópa.
- 1.8. Sveitarfélagið vinnur markvisst að því að allir íbúar geti verið virkir þátttakendur og upplifi að þeir tilheyri samfélaginu.
- 1.9. Öryggi allra íbúa er í fyrirrúmi m.t.t. slysa og áreitni og ofbeldis og viðeigandi verkferlar og úrræði eru til staðar til að fyrirbyggja og bregðast við.
- 1.10. Markvisst er unnið að greiðu aðgengi allra íbúa að heilbrigðisþjónustu við hæfi þar með talið geðheilbrigðisþjónustu

Aðgengi að upplýsingum

- 1.1. Vefsíður stofnana sveitarfélagsins eru aðgengilegar þannig að allir íbúar eiga auðvelt með að finna og nýta sér upplýsingar um m.a. starfsemi, þjónustu og viðburði sveitarfélagsins.
- 1.2. Á vefsíðu sveitarfélagsins er að finna einfalt leiðarkort um þjónustu og úrræði sem eru í boði fyrir ólíka hópa í sveitarfélaginu, einnig á ensku og/eða öðrum viðeigandi tungumálum sem algeng eru í sveitarfélaginu.

2.3. Starfsemi, úrræði og þjónusta sveitarfélagsins er vel kynnt á stöðum sem íbúar sækja.

2.4. Sveitarfélagið hefur virka áætlun um hvernig skuli bjóða nýja íbúa velkomna og veita þeim aðstoð við að komast inn í samfélagið.

2.5. Sveitarfélagið er með hlekk á vefinn Heilsuvera á vefsíðu sinni og hvetur íbúa til að nýta sér þær upplýsingar og þjónustu sem þar er í boði.

Öruggt líf án ofbeldis og slysa

1. Stefna sveitarfélagsins endurspeglar mikilvægi öryggis og þess að allir íbúar geti lifað án ofbeldis og slysa.

1.1. Unnið er eftir markvissri, þverfaglegri og þverstofnanalegri áætlun til að vinna bug á ofbeldi í sveitarfélaginu, þar með talið mansali og vændi.

1.2. Ofbeldis- og slysaforvarnir sveitarfélagsins eru byggðar á vísindalegum grunni og þekkingu og sveitarfélagið styrkir aðeins forvarnarstarf sem styðst við slíkar aðferðir.

1.3. Verklagsreglur og viðbragðsáætlanir sveitarfélagsins og allra starfsstöðva þess innihalda upplýsingar um viðbrögð við ofbeldi og áreitni af hverju tagi hvort sem starfsfólk eða þjónustu þegar eiga í hlut.

1.4. Sveitarfélagið metur stefnur og aðgerðir m.t.t. áhrifa þeirra á öryggi íbúa, þar með talið bæði ofbeldis- og slysaþættu.

1.5. Teknar eru reglulega saman upplýsingar um öryggi íbúa og upplifað öryggi þeirra í sveitarfélaginu.

1.6. Við skipulag byggðar er tekið mið af áhrifum á öryggi íbúa.

1.7. Sveitarfélagið ræður ekki til starfa, til að vinna með þjónustuþegum, einstaklinga sem hafa hlotið dóm skv. XXII. kafla hegningarlaga (kynferðisbrot).

2. Félagsþjónusta

2.1. Þolendur ofbeldis fá viðeigandi og fullnægjandi aðstoð og eftirfylgd frá félags- og heilbrigðisþjónustu. Gætt er að aðlögun úrræða fyrir þá hópa sem þurfa á því að halda, svo sem fyrir fólk með þroskahömlun og annað fatlað fólk, fólk af erlendum uppruna og hinsegin fólk.

2.2. Gerendur ofbeldis fá viðeigandi og fullnægjandi aðstoð og eftirfylgd frá félags- og heilbrigðisþjónustu. Gætt er að aðlögun úrræða fyrir þá hópa sem þurfa á því að halda.

3. Eldra fólk

3.1. Allt starfsfólk dvalarheimila, félagsmiðstöðva, í heimaþjónustu og í annarri þjónustu við eldra fólk fær kennslu um einkenni hvers kyns ofbeldis og vanrækslu meðal eldra fólks.

3.2. Á dvalarheimilum, í heimaþjónustu og annarri þjónustu sveitarfélagsins við eldra fólks eru skýrar verklagsreglur til að fyrirbyggja ofbeldi.

3.3. Byltuvarnir aldraðra eru skv. klínískum leiðbeiningum þess efnis.

3.4. Markvisst er unnið að því að koma í veg fyrir föll og önnur slys hjá eldra fólki í sjálfstæðri búsetu, á dvalarheimilum og í annarri þjónustu á vegum sveitarfélagsins.

Vellíðan með geðrækt

1. Stefna sveitarfélagsins endurspeglar áherslu á geðheilsu og vellíðan allra íbúa.

1.1. Sveitarfélagið hefur skýra framtíðarsýn og aðgerðaáætlun um geðrækt og forvarnir gegn sálfélagslegum erfiðleikum sem nær til allra sviða og byggir á gagnreyndum aðferðum hvað varðar inntak og innleiðingu.

1.2. Í sveitarfélaginu starfar hópur með þekkingu á sviði geðræktar sem vinnur þvert á svið sveitarfélagsins að stefnumótun og fylgir eftir aðgerðaáætlun þess um geðrækt og forvarnir.

1.3. Sveitarfélagið fylgist náið með líðan og velferð íbúa á öllum aldri og nýtir til umbóta og endurskipulags á stefnu og aðgerðum á sviði geðheilsu.

1.4. Markvisst er unnið að því að efla vitund og færni íbúa við að hlúa að eigin geðheilsu og vellíðan

2. Unnið er markvisst að því að efla jákvæðan bæjarbrag og félagstengsl íbúa.

2.1. Blöndun félagshópa er höfð að leiðarljósi við skipulag byggðar.

2.2. Skipulag byggðar og þjónustu ýtir undir samgang og samskipti milli fólks.

2.3. Eldra fólki í sveitarfélaginu gefst kostur á fjölbreyttu félagsstarfi við hæfi allan ársins hring.

2.4. Íbúar hafa margvísleg tækifæri til að gefa af sér og mynda tengsl í nærsamfélagi sínu.

2.5. Reglulega er lagt mat á félagstengsl íbúa á öllum aldri með það að markmiði að finna og mæta þörfum barna og fullorðinna sem eru einmanna og/eða búa við félagslega einangrun.

3. Velferðarþjónusta styður við góða geðheilsu á öllum æviskeiðum.

3.1. Í sveitarfélaginu eru margvísleg skamm- og langtíma úrræði, sem eru aðgengileg öllum, til að efla virkni, félagstengsl, lífsgæði og seiglu íbúa sem þess þurfa.

3.2. Í sveitarfélaginu eru skráðir verkferlar og viðbúnaður til að bregðast við og styðja við geðheilsu íbúa ef áfall dynur á samfélaginu.

3.3. Reglulegt eftirlit er með aðbúnaði, heilsu og líðan fólks sem dvelur á stofnunum á vegum sveitarfélagsins eða fær heimaþjónustu.

3.4. Hvergi eru grá svæði í þjónustu í sveitarfélaginu þar sem eldra fólk sem þarf þjónustu lendir á milli stofnana eða kerfa.

Vellíðan með hreyfingu og útiveru

1. Stefna, áætlanir og starf sveitarfélagsins stuðlar að hreyfingu og útiveru íbúa á öllum aldri með ólíkar þarfir

1.1. Sveitarfélagið hefur skýra stefnu og skilgreind markmið varðandi hreyfingu og útiveru allra íbúa.

1.2. Til staðar er áætlun með aðgerðum um aukna hreyfingu og útiveru allra íbúa, sem unnin hefur verið í samstarfi og samráði við íbúa með ólíkar þarfir og aðra hagaðila.

1.3. Skilgreint er hver innan sveitarfélagsins ber ábyrgð á að hafa yfirsýn og fylgja eftir stefnu og aðgerðum á sviði hreyfingar.

1.4. Sveitarfélagið metur með reglubundnum hætti hreyfingu íbúa á öllum æviskeiðum.

1.5. Sveitarfélagið metur reglulega þá valkosti sem íbúar á öllum aldri, með mismunandi þarfir hafa til hreyfingar og útiveru s.s. aðgengi að og gæði þeirrar aðstöðu og þjónustu sem er í boði

1.6. Sveitarfélagið tekur mið af áherslum opinberra ráðleggina um hreyfingu í öllu sínu starfi er varðar hreyfingu íbúa með einum eða öðrum hætti.

1.7. Sveitarfélagið á gott samstarf við heilbrigðisþjónustu á svæðinu um Hreyfiseðil.

2. Eldra fólk á þess kost að stunda fjölbreytta hreyfingu og útiveru í samræmi við áhuga sinn og getu.

2.1. Sveitarfélagið metur reglubundið valkosti eldra fólks með mismunandi þarfir til hreyfingar og útiveru, þátttöku þeirra og viðhorf til þeirrar þjónustu og aðstöðu sem er í boði.

2.2. Eldra fólk hefur greiðan aðgang að íþróttamannvirkjum á vegum sveitarfélagsins.

2.3. Eldra fólk hefur greiðan aðgang að skipulagðri hreyfingu við hæfi.

2.4. Eldra fólk getur nýtt sér græn svæði og aðra aðstöðu utandyra til útivistar.

2.5. Í heimaþjónustu eru notendur markvisst hvattir til reglulegrar hreyfingar og þeir upplýstir um hentuga valkosti til hreyfingar.

3. Skipulag byggðar, hönnun svæða og rýma, sem og þjónusta stuðlar að því að virkur ferðamáti, svo sem ganga og hjólréiðar, auk almenningssamgangna, eru raunhæfur og aðlaðandi valkostur fyrir alla íbúa.

3.1. Sveitarfélagið metur reglubundið hversu hátt hlutfall íbúa á öllum aldursskeiðum notar göngu og hjólréiðar sem ferðamáta.

3.2. Til staðar er samfelld net göngu- og hjólréiða sem tengir saman helstu áfangastaði íbúa.

3.3. Göngu- og hjólréiðir eru reglulega teknar út með tilliti til ólíkra þarfa íbúa á öllum aldri og til staðar er áætlun um úrbætur ef þörf krefur.

3.4. Almenningsamgöngur eru reglulega teknar út með tilliti til ólíkra þarfa íbúa á öllum aldri og til staðar er áætlun um úrbætur ef þörf krefur.

3.5. Göngu- og hjólréiðum er haldið greiðum og öruggum allan ársins hring.

3.6. Sveitarfélagið gerir kröfu um að við hvers konar framkvæmdir, sem hindra umferð á hefðbundnum göngu- og hjólréiðum, er komið upp öruggum hjólréiðum fyrir slíkan ferðamáta.

3.7. Fullnægjandi framboð er af hjólastæðum við helstu áfangastaði íbúa sem er á valdi sveitarfélagsins að hafa áhrif á.

3.8. Bekkir, og ef við á vatnshana, eru á helstu leiðum sem nýttar eru til göngu, hjólréiða og annarrar útiveru.

3.9. Samstarf er um tengingu göngu- og hjólréiða á milli aðliggjandi bæjar-/sveitarfélaga.

3.10. Skilvirkar almenningssamgöngur eru til staðar sem tengja saman helstu áfangastaði íbúa.

3.11. Samstarf er um tengingu almenningssamgangna á milli aðliggjandi bæjar-/sveitarfélaga.

3.12. Sveitarfélagið notar matstækið Health Economic Assessment Tool (HEAT) for walking and cycling, eða annað sambærilegt áhrifamat, til að meta hagrænt gildi göngu og hjólréiða fyrir samfélagið.

4. Skipulag, hönnun og gæði umhverfis stuðlar að hreyfingu og útiveru allra íbúa á eigin vegum og gerir aðilum kleift að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu sem mætir ólíkum þörfum.

4.1. Við stefnumótun, áætlanagerð og framkvæmd á sviði skipulags- og samgöngumála eru ávallt metin möguleg jákvæð og neikvæð áhrif á hreyfingu og útiveru allra íbúa.

4.2. Aðstaða innan- og utandyra hindrar ekki að íbúar með mismunandi þarfir geti nýtt sér íþróttamannvirki á vegum sveitarfélagsins og þá þjónustu sem þar er í boði.

4.3. Til staðar er áætlun um uppbyggingu mannvirkja fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf og annað tómstundastarf sem unnin hefur verið í samstarfi við hagaðila og tekur mið af mismunandi þörfum íbúa á **öllum aldri**.

4.4. Til staðar er áætlun um viðhald mannvirkja fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf og annað tómstundastarf og fjármagn tryggt til að fylgja málum eftir.

4.5. Allir íbúar hafa greiðan aðgang að grænum svæðum, leikvöllum og annarri aðstöðu sem uppfyllir mismunandi þarfir þeirra til hreyfingar og útiveru og hefur jákvæð áhrif á líðan þeirra.

4.6. Til staðar er áætlun um viðhald grænna svæða, leikvalla og annarrar sambærilegrar aðstöðu og fjármagn tryggt til að fylgja málum eftir.

4.7. Allir íbúar eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar um helstu göngu- og hjólaleiðir, græn svæði, leikvelli og önnur svæði til hreyfingar og útiveru í sveitarfélaginu.

4.8. Til staðar er áætlun um notkun og viðhald óbyggðra svæða og fjármagn tryggt til að þau nýtist og varðveitist sem best.

4.9. Sveitarfélagið gerir allt sem í sínu valdi stendur til að gæði lofts, jarðvegs og vatns séu ávallt með þeim hætti að íbúar geta stundað hvers konar hreyfingu utandyra í heilnæmu umhverfi.

Vellíðan án tóbaks, áfengis og annarra vímuefna

Heilsueflandi samfélag mótar sér stefnu í málum sem tengjast notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna. Markmið stefnunnar er að efla skilvirka samvinnu þeirra sem vinna að forvörnum, heilsueflingu og draga úr skaðlegum áhrifum á einstaklinga og samfélagið. Samfélagið fléttar tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir að eigin markmiðum sem hluta af stefnu um heilsueflingu. Stefnan inniheldur aðgerðaráætlun, forvarnir, snemmtæka íhlutun, ráðgjöf og meðferð. Til að ná fram settum markmiðum í tóbaks-, áfengis- og vímuvörnum er nauðsynlegt að hafa aðgerðaráætlun.

Í landinu gilda lög sem setja skýrar reglur og ramma um notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna. Í grunn- og framhaldsskólum er æskilegt að til staðar sé áætlun um hvað gera skuli í tilvikum um áhættu- eða frávíkshægðun nemenda. Í henni þarf að vera skýrt hvaða ferli fer í gang og hvert sé hlutverk allra sem að málinu koma. Þá er æskilegt að áætlunin nái einnig yfir tóbaks-, áfengis- og vímuefnanotkun starfsfólks, sem m.a. feli í sér stuðning við þá sem vilja aðstoð við að hætta eða draga úr notkun áfengis eða hætta notkun tóbaks og eða annarra vímuefna.

1. Stefnumótun sveitafélagsins

1.1. Sveitarfélagið hefur sett sér stefnu um tóbak (Hér er átt við allt tóbak og rafrettur).

1.2. Aðgerðaáætlun fylgir stefnu um tóbak, ábyrgðaraðili fyrir heildarinnleiðingunni er tilgreindur sem og ábyrgðaraðilar fyrir einstaka aðgerðum.

1.3. Sveitarfélagið hefur sett sér stefnu um áfengi og önnur vímuefni.

1.4. Aðgerðaáætlun fylgir stefnu um áfengi og önnur vímuefni og ábyrgðaraðili fyrir heildarinnleiðingunni er tilgreindur sem og ábyrgðaraðilar fyrir einstaka aðgerðum.

1.5. Fagfólk kemur að gerð og innleiðingu stefna og aðgerðaráætlana á sviði tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.

1.6. Niðurstöður kannana eru nýttar við mat á þörfum fyrir aðgerðir og gerðar aðgengilegar íbúum.

1.7. Stefnur og aðgerðaáætlanir eru sýnilegar á vefsíðu sveitarfélagsins og kynntar reglulega fyrir íbúum.

1.8. Sérstaklega er sett fram áætlun um takmarkað aðgengi að áfengi.

1.9. Sérstaklega eru skilgreind viðmið um takmörkun á fjölda rekstrar- og vínveitingaleyfa.

1.10. Sérstaklega eru skilgreind viðmið um takmörkun á fjölda tóbakssöluleyfa.

1.11. Vinnuferlar eru til staðar um eftirlit með sölu tóbaks.

- 1.12. Sveitarfélagið fylgir því reglulega eftir að smásöluaðilar fari eftir lögum og reglum um sölu tóbaks.
- 1.13. Sveitarfélagið hefur skilgreint viðbrögð við endurteknum brotum á tóbaksvarnarlögum.
- 1.14. Reglulega eru haldnir samráðsfundir með lykilaðilum í forvörnum.
- 1.15. Fyrirliggjandi er framkvæmdaáætlun vegna bæjarhátíða þar sem lykilaðilar eru skilgreindir.
- 1.16. Sveitarfélagið í samstarfi við sýslumann bjóða upp á námskeið fyrir starfsfólk veitingahúsa um ábyrga áfengissölu.
- 1.17. Sveitarfélagið gerir kröfu um að starfsfólk veitingahúsa sækji námskeið um ábyrga áfengissölu.
- 1.18. Samstarfssamningar eru til staðar milli sveitarfélags, lögreglu og veitingamanna um að tryggja öruggt skemmtanalíf.
- 1.19. Sveitarfélagið gerir kröfu um að leigusalar sem leigja út sali eða aðstöðu hafi stefnu um notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.
- 1.20. Sveitarfélagið styður almenna vinnustaði í undirbúningi og framkvæmd stefnu um tóbak, áfengi og önnur vímuefni.
- 1.21. Sveitarfélagið hefur skilgreint sérstök reyklaus útisvæði fyrir almenning.

2. Eldra fólk – tóbak, áfengi og önnur vímuefni.

- 2.1. Fyrirliggjandi eru ákvæði um tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir í verkferlum vegna heimahjúkrunar og hjá stofnunum þar sem aldraðir dvelja.
- 2.2. Fagfólk kemur að gerð og innleiðingu aðgerðaráætlunar stefnunnar.
- 2.3. Eldra fólk, ættingjar og starfsfólk fær kynningu á stefnu og framkvæmdaáætlun í áfengismálum og hvortveggja er aðgengilegt.
- 2.4. Starfsfólk í heimaþjónustu fær upplýsingar og fræðslu um áhrif áfengis á lyf og virkni þeirra.
- 2.5. Umönnunaraðilar eldra fólks greina á kerfisbundinn hátt, einkenni um að skjólstæðingarnir séu að þróa með sér vandamál vegna neyslu áfengis, annarra vímuefna eða lyfja.
- 2.6. Starfsmenn, sem vinna með eldra fólks í sveitarfélaginu, upplýsa um meðferðarúrræði vegna misnotkunar áfengis og annarra vímuefna.

Vellíðan með hollu mataræði

Hollur og næringarríkur matur, í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um mataræði, getur haft áhrif á heilsu, líðan og starfsorku íbúa. Heilsusamlegt mataræði er mikilvægt til að stuðla að góðri heilsu og tengist einnig menningu, sjálfbærri þróun, lífsgæðum og fleiru. Það að bjóða upp á hollan og næringarríkan mat hjá dagforeldrum, í leik-, grunn- og framhaldsskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, vinnustöðum og hjúkrunarheimilum er góð fjárfesting til framtíðar. Sömuleiðis er mikilvægt að íþróttamannvirki, sundstaðir og aðrir staðir þar sem börn og fullorðnir koma saman bjóði upp á hollan valkost hvað mat og drykk varðar. Heilsugæslustöðvar geta lagt sitt af mörkum við að stuðla að heilsusamlegu mataræði t.d. í gegnum fræðslu til verðandi foreldra, í gegnum ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæsluna. Þá geta heilsugæslustöðvar einnig skimað markvisst fyrir matarvenjum, sem hluta af lífnaðarháttum skjólstaðinga sinna, og brugðist við ef út af ber. Einnig er æskilegt að bjóða upp á næringarráðgjöf á heilsugæslustöðinni. Mikilvægt er að sveitarfélagið skapi umhverfi og aðstæður sem styðja við heilbrigða lífnaðarhætti, þannig að holla valið verði auðvelda valið. Þannig getur sveitarfélagið gengið á undan með góðu fordæmi og haft holla fæðu í boði. Sveitarfélagið getur einnig hvatt vinnustaði í nærumhverfinu til að móta sér stefnu í næringarmálum í samræmi við Ráðleggingar um heilsuefningu á vinnustöðum. Embætti landlæknis hefur gefið út ráðleggingar um mataræði fyrir hina ýmsu hópa samfélagsins og handbækur fyrir þá sem sjá um að matreiða fyrir börn sem allt styður við þetta starf, sjá nánar á www.landlaeknir.is/naering.

1. Stefna, áætlanir og starf sveitarfélagsins stuðlar að hollu mataræði íbúa á öllum aldri með ólíkar þarfir og þannig bættri heilsu þeirra og vellíðan.

1.1. Sveitarfélagið tekur mið af opinberum Ráðleggingum um mataræði við ákvarðanir sem varða næringu íbúanna.

1.2. Hvert hverfi, svið og stofnun sveitarfélagsins sinnir, eftir því sem við á, sínu hlutverki þegar kemur að því að stuðla að góðri næringu íbúa

1.3. Sveitarfélagið hefur útnefnt ábyrgðaraðila til þess að vinna að bættri næringu innan sveitarfélagsins þar með talið að sjá til þess að fylgst er með að matarframboð sé í samræmi við ráðleggingar.

1.4. Næringarfræðingur tekur þátt í mótun og innleiðingu stefnu og aðgerða sveitarfélagsins í næringarmálum.

1.5. Sveitarfélagið tekur mið af Ráðleggingum um mataræði við opinber innkaup og útboð.

2. Sveitarfélagið stuðlar að greiðu aðgengi allra íbúa að hollum matvælum með áherslu á sjálfbærni.

- 2.1. Íbúum gefst kostur á að fá afnot af garðlandi til ræktunar grænmetis.
- 2.2. Gott aðgengi er að köldu drykkjarvatni á útivistarsvæðum sveitarfélagsins.
- 2.3. Samstarf er við verslanir um framboð á hollum matvörum og uppröðun í verslunum.
- 2.4. Matvælaframleiðendur í sveitarfélaginu eru hvattir til að framleiða hollari og sjálfbærari matvörur.
- 2.5. Sveitarfélagið hvetur íbúa sína til að nýta sér matvæli úr héraði.
- 2.6. Sveitarfélagið auðveldar íbúum að flokka og losa sig við úrgang sem tengist matvælum með umhverfisvænum hætti.

3. Sveitarfélagið er með þjónustu í boði fyrir eldra fólk til þess að stuðla að hollu mataræði þess.

- 3.1. Máltíðir sem standa eldra fólki til boða á vegum sveitarfélagsins eru í samræmi við ráðleggingar fyrir eldra fólk, þar með talið að bjóða upp á tvær heitar máltíðir á dag.
- 3.2. Sveitarfélagið beitir sér fyrir því í samstarfi við heilbrigðisstofnanir að næringarástand eldra fólks sem fær heimahjúkrun sé metið reglulega.
- 3.3. Ef hætta er á vannæringu sbr. viðmið 6.2, þá er farið eftir viðeigandi verkferlum.